



Dagblöð	—	Beint í tunnuna
Tímarit	—	Beint í tunnuna
Bæklingar	—	Beint í tunnuna
Skrifstofupappír	—	Beint í tunnuna
Bylgjupappi	—	Beint í tunnuna
Fernur/Sléttur pappi	—	Í glærum poka
Plastumbúðir	—	Í glærum poka
Minni málmhlutir	—	Í glærum poka



Hreinsið umbúðir vel og skilið fernur

- ATH -

Rafhlöður og gler má ekki setja í Grænu tunnuna.



Dagblöð og tímarit

Dagblöð og tímarit

Dagblöð, tímarit og annan prentpappír ætti aldrei að setja í ruslið. Dagblöð og tímarit eru ekki rusl heldur endurvinnanlegt hráefni sem Íslenska Gámafélagið sér um að flytja erlendis til endurvinnslu.

Að endurvinna pappír er mjög umhverfisvænt. Fyrir hvert tonn af pappír sem settur er í endurvinnslu sparast allt að 3m³ í landfyllingu. Einnig sparast um 17 tré fyrir hvert tonn af pappír sem er endurunnt og um helmingur þeirrar orku sem þarf til að frumvinna pappírinn.

Beint í tunnuna



Að endurvinna pappír er mjög umhverfisvænt. Fyrir hvert tonn af pappír sem settur er í endurvinnslu sparast allt að 3m³ í landfyllingu. Einnig sparast um 17 tré fyrir hvert tonn af pappír sem er endurunnt og um helmingur þeirrar orku sem þarf til að frumvinna pappírinn.



Skrifstofupappír

Skrifstofupappír

Í þennan flokk fer t.d. tölvupappír, skrifpappír, faxpappír, sjálfafrítandi nótur (NCR pappír).

Þar sem mikið fellur til af pappír er einfaldast að hafa endurvinnslukassa fyrir skrifstofupappír. Í stað þess að henda pappírnum í ruslið fer hann í kassann. Ekki beygla blöðin þannig að úr verði kúla því það eykur rúmmál og minnkar þar af leiðandi plássíð í kassanum. Þegar kassinn er orðinn fullur er hann tæmdur í Grænu tunnuna.




Beint í tunnuna



Plast

Plastumbúðir

Mikið fellur til af ýmsum plastumbúðum á heimilum og geta þær verið mjög fyrirferðarmiklar. Allar plastumbúðir, s.s. sjampóbrúsar, tómatósuflokskur, ýmsir plastbakkar undan matvörum, plastpokar, plastílát undan mjólkurdrykkjum, plastílát undan hreinsiefnum o.fl., má fara saman í glærum pokum í Grænu tunnuna. Allar plastumbúðir sem bera eftirfarandi númer mega fara í Grænu tunnuna.



Umbúðirnar þurfa að vera tómar og án allra aðskotahluta, s.s. matar- eða efnaleifa. Umbúðir sem eru að hluta úr plasti og að hluta úr öðru efnum fara í almennt sorp nema hægt sé að aðskilja efni, en þá er þeim skilað hverju fyrir sig í sinn flokk.



Bylgjupappi

Bylgjupappi

Í þennan flokk má setja allan bylgjupappa, t.d. pappakassa og pitsukassa. Bylgjupappa er hægt að þekkja af bylgjum sem sjást ef brúnir hans eru skoðaðar. Það er í lagi að bylgjupappinn sé áprentaður, plasthúðaður og lítsterkur. Bylgjupappinn verður að vera laus við matarleifar og aðra aðskotahluti.

ATH - Allur annar pappi, t.d. morgunkornspakkar, skókassar, eggjabakkar, fernur og ýmsar umbúðir undan matvællum, fara ekki með bylgjupappa. Þær umbúðir eru úr sléttum pappa (sjá næsta kafla).

Bylgjupappa má setja beint í Grænu tunnuna.

Þegar mikið fellur til af bylgjupappa á heimilum, eins og t.d. þegar keypt eru ný húsgögn, þá er best að fara með pappann á gámasvæði Sorpu til að koma í veg fyrir að Græna tunnan fyllist.



Beint í tunnuna



Sléttur pappi

Fernur og sléttur pappi

Töluvert magn af fernum og umbúðum úr sléttum pappa falla til á flestum heimilum. Þetta eru umbúðir utan af morgunkorni, ýmsum skyndiréttum, kexi, þvotefni og óteljandi öðrum vörum. Slíkar umbúðir eru fjótar að fylla hjá okkur ruslafötunarn enda oft plássfrekar.

Það má flokka allar umbúðir úr sléttum pappa í einn flokk og setja t.d. fernur, morgunkornspakka og aðrar slíkar umbúðir úr pappír eða kartoni í Grænu tunnuna. Hráefnið þarf hins vegar að vera ómengað af öðrum efnum til þess að hægt sé að endurvinna það. Þess



vegna er mikilvægt að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem kunna að vera innan í umbúðum. Fernur er æskilegt að skola til að forðast lykt og brjóta svo allar umbúðir saman svo þær taki minna pláss.

Mikilvægt er að fernur sé skilað í glærum plastpokum í Grænu tunnuna til að koma í veg fyrir að annað hráefni í tunnunni skemmist.



Málmur og brotamálmur

Málmhlutir

Margs konar smáhlutir úr málmum falla til á heimilum, t.d. niðursuðudósir, álpappír, málmur utan um sprittkerti og málmlok af krukum o.fl. Alla þessa smáu málmhluti má setja í Grænu tunnuna. Niðursuðudósir skal skola áður en þeim er skilað til endurvinnslu og álpappír og umbúðir skulu vera án matarleifa. Þessir málmhlutir fara í glærum plastpokum í Grænu tunnuna.

Málmur ætti ekki að fara í ruslatunnuna þar sem um er að ræða verðmætt hráefni. Stærri málmhlutum má skila í gáma í Sorpu.



Í glærum poka